



Seyðisfirði 28.apríl 2005

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Alþingi**  
**Erindi nr. 11/11/1762**  
**komudagur 29.4.2005**

**Efni : Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.  
Umsögn SASSA Samgöngunefndar SSA**

Á fundi samgöngunefndar SSA (SASSA) 12. apríl sl. var tillagan m.a. til umfjöllunar og fékk hún ítarlega og góða umræðu.

Þar kom fram að góðar og greiðar samgöngur eru lífæðar alls landsins og ekki síst landsbyggðarinnar og hinna dreyfðu byggða. Þar er mikið verk óunnið og um það vitna hin fjölmörgu áköll sveitarstjórna um allt land um framkvæmdir sem beðið er eftir og allmörgum þeirra lengi lengi.

Eftir að starandsiglingar voru lagðar af og þungaflutningar allir fluttir út á þjóðvegina er enn brýnna en áður að sinna þeirri lífæð sem vegir eru með “nægum fjárveitingum”.

Það er því röng stefna sem kemur fram í inngangi með tillögunum um vegamál að draga saman fjárveitingar til samgöngumála um 4 milljarða á árunum 2005 og 2006, frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi vegaáætlun.

Hér á eftir fylgja með helstu áherslur og breytingar sem nefndin bókaði á fundi sínum 12. apríl 2005 við tillögurnar.

**3. Tillaga að samgönguáætlun til ársins 2008.**

**Vegaáætlun.**

Einar Þorvarðarson situr fundinn að ósk formanns og fer yfir helstu framkvæmdir eins og þær birtast í tillögunum fyrir Norðausturland og Hornafjörð.

Hólaheiði	1.080.- miljónir
Kísilvegur	167.- miljónir
Dettifossvegur	454.- miljónir
Vopnafjarðarvegur	230.- miljónir
Arnórsstaðarmúli	180.- miljónir

Hólmaháls	172.- milljónir
Valtýrskambur – Sandbrekka	120.- milljónir
Þvottárskriður	200.- milljónir
Hornarfjarðarfljót	160.- milljónir

Eftir er að skipta fjármagni að upphæð alls 555 millj. til almennra verkefna í grunnneti og upphæð alls 570 millj í tengivegi.

**Vopnafjarðarvegur:** Nefndarmenn eru mjög ósáttir með hversu litlar fjárveitingar eru til þessarar framkvæmdar á tímabilinu.

SASSA ítrekar mikilvægi þess að Vopnafjörður fái góða tengingu við Þjóðveg 1. Fyrir liggur að mögulegt er að bjóða út vegtengingu af hringvegi niður til Vopnafjarðar í árslok 2006. Í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu er einungis gert ráð fyrir 100 m.kr. árið 2007 og 130 mkr. árið 2008. Fjárveitingar þessar duga engan veginn til þess að unnt verði að ná neinum nýtanlegum áfanga á þessum árum. Slíkt er algerlega óviðunandi. Samkvæmt áætlunum kostar fyrsti áfanginn um 350 m.kr. og 2. áfangi um 400 m.kr. Nægjanlegir fjármunir þurfa að fást á árin 2006-2008 til þess að ljúka þessum áföngum. Jafnframt er minnt á það megin markmið samgönguáætlunar að tengja þéttbýliskjarna landsins við hringveginn. **Óskast endurskoðað.**

**Hólmaháls:** Þar er úrbóta þörf nú þegar, enda er þetta umferðarþyngsti vegur á austurlandi og er hann þar að auki bæði brattur og hættulegur. Endurbótum þarf að vera lokið fyrir árslok 2006 því að umferð mun stórukast um Hólmaháls með tilkomu álvers við Reyðarfjörð. **Óskast endurskoðað.**

**Hringvegur Austurland** SASSA ítrekar og bendir á að svo virðist sem tillögurnar geri ráð fyrir að fallið verði frá fyrri forgangsröðun og áherslum í samgönguáætlun þ.e. að ljúka fyrst bundnu slitlagi á hringveginn og tengingum við þéttbýli og þéttbýliskjarna. Austurland er sá landshluti sem á lengst í land með að keyra hringveginn á bundnu slitlagi. Fjárveitingar til hans nú eru að stærstum hluta á síðara tímabili. Því liggur fyrir ef tillögurnar ná fram að ganga óbreyttar að enn mun dragast um allmörg ár að ljúka því að bundið slitlag verði á öllum hringveginum í landshlutanum og slíkt er með öllu óásættanlegt. **Óskast endurskoðað.**

**Hornarfjarðarfljót:** Ljóst er að með þeim tillögum um fjármagn sem liggur fyrir í nýjan veg og brú yfir Hornarfjarðarfljót, er í raun verið að fresta öllum framkvæmdum þar fram yfir árið 2008. **Óskað er eftir því að tillagan verði endurskoðuð.** (m.a. vísast til samþykktar bæjarstjórnar Hornarfjarðar. )

**Þjóðvegur eitt um Skriðdal.** SASSA vísar til samþykktar aðalfundar SSA 2004 og samþykta margra sveitarfélaga á Austurlandi um nauðsyn þess að framkvæmdum verði hraðað. Í tillögunum er ekkert tillit tekið til þeirra. **Óskast endurskoðað.**

**Jarðgangarannsóknir** SASSA gagnrýnir að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til jarðgangarannsóknna, en í eldri áætlunum hafa verið áætlaðir fjármunir í rannsóknir

Nefndin er sammála um að slíkir fjármunir eigi og verði að vera að vera inn í samgönguáætlun. Mikil og frjó umræða og athafnavilji er í mörgum landshlutum um frekari jarðgangatengingar þar á meðal á Austurlandi. Sú umræða verður ekki stöðvuð og henni verður að mæta með meiri metnaði en gert er í áætluninni. **Óskast endurskoðað.**

**Axarvegur:** Með mjög mikið aukinni umferð um Axarveg er ljóst að þar þarf að gera úrbætur, en ekki er gert ráð fyrir því í tillögunum. Vill nefndin benda á að nokkrir staðir á Axarvegi eru mjög hættulegir og þarfnast því úrbóta sem allra fyrst, til að tryggja öryggi vegfarenda. Benda má á að síðustu ár hefur Axarvegur verið opinn fyrir umferð 10-11 mánuði ársins. **Óskast endurskoðað.**

**Einbreiðar brýr :** SASSA ítrekar samþykkt frá aðalfundi SSA 2004 um að hraðað verði eins og kostur er að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi eitt og stofnvegum landshlutans af öryggissjónarmiðum. Ekki er að sjá í tillögunum að gera eigi átak í þeim efnum þrátt fyrir fögur fyrirheit. Með stórauðnum vöruflutningum sem settir eru út á þjóðvegina eru brýr þessar háskalegar slyslagildir eins og dæmin sanna.

**Vetrarþjónusta:** SASSA leggur áherslu á að bæta þarf vetrarþjónustu. Fjölga þarf ruðningsdögum á norðausturleiðinni og til Vopnafjarðar, Hálfuvarnir verður að auka sem víðast. Breytt veðurfar og mjög aukin umferð vöruflutninga á vegunum kalla á betri þjónustu hvað hana varðar.

#### **Almenningssamgöngur.**

Minnt er á samþykktir SSA um almenningssamgöngur og þýðingu þeirra fyrir samfélagið m.a. ferðaþjónustuna. Með eflingu sveitarstjórnarstigsins m.a. með stækkun sveitarfélaganna verða þau betur í stakk búin til að takast á við þetta verkefni með ríkisvaldinu. Á meðan og þar sem þær forsendur eru ekki til staðar t.d á Austurlandi er nauðsynlegt að ríkisvaldið komi inn með framlög í þjónustusamninga og til sérleyfa og varað er við því að draga um of saman fjárveitingar til þessarar þjónustu.

#### **Samgöngunefnd SSA vill ennfremur minna á og ítreka**

fyrri ályktanir sínar um samgöngumál, samþykktir aðalfundar SSA 2004 og samþykktir fjölda sveitarfélaga um samgöngumál í fjórðungnum en of lítið tillit virðist vera tekið til þeirra í þessum tillögum að samgönguáætlun.

**Formanni SASSA og framkvæmdastjóra SSA falið að fara yfir flug-og hafnaáætlun og koma á framfæri ábendingum/athugasemdum.**

Ath. Lokið er tilvitnun í fundargerð SASSA

### **Flugmálaáætlun.**

Að höfðu samráði við hagsmunaaðila og nokkrar sveitarstjórnir er eftirfarandi athugasemdum komið á framfæri.

### **Egilsstaðaflugvöllur.**

#### **Flugvöllurinn er varavöllur fyrir millilandflug.**

Ekki er gert ráð fyrir fjármunum á tímabilinu til þess að bæta aðstöðu í flugstöð fyrir farþega og starfsmenn. Mjög svo aukin umferð um flugvöllinn kallar á bættu aðstöðu.

#### **Óskast endurskoðað.**

Brautarlenging: Lögð er áhersla á að **hraðað verði** þeirri könnun sem gert er ráð fyrir í áætluninni.


### **Hornafjarðarflugvöllur.**

Vísað er til athugasemda bæjarstjórnar sveitarfélagsins Hornafjarðar um endurbætur við flugvöllinn og samstarf við heimamenn um framkvæmdir.

### **Vopnafjarðarflugvöllur.**

Vísað er til athugasemda sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps.

Virðingarfyllt  
f.h. samgönguráráðgjafar SSA

  
-----  
Þorvaldur Jóhannsson  
framkvæmdastjóri

ps. Áskilinn er réttur til að koma á framfæri frekari athugasemdum s.s. við hafnaáætlun. Vakin er athygli á að einungis eru 8 dagar frá því að erindið er dagsett þar til umsagnarfresti er lokið.